



Hreppsnefnd 29. mars 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðhrepps 29. mars 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðahrepps fimmtudaginn 29. mars 2001 kr. 1400 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, varaoddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Varaoddviti setti fund í fjarveru oddvita, og bauð fundarmenn velkomna til fundar og síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðahrepps frá 8. mars sl. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
 2. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 23. mars sl. Jafnframt lagt fram til kynningar minnisblað Siglingastofnunar frá 26. mars sl., varðandi tillögu að breyttri framkvæmdaáætlun í hafnarframkvæmdum.
 3. mál. Stjórn gönguleiðahóps Vopnafjarðar, bréf þar sem óskað er eftir fjárstuðningi, ásamt vinnuframlagi við merkingar. Farið er fram á styrk að fjárhæð 50.000 – 100.000 kr. Samþykkt var að veita 100.000 kr. styrk til Gönguhópsins, ásamt vinnuframlagi í tengslum við sumarvinnu unglinga.
 4. mál. Félagsmálanefnd Alþingis, bréf dag. 1. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp um lánmarksstærð sveitarfélaga. Sveitarstjóri ræddi frumvarpið og var eftirfarandi tillaga lögð fram: “Hreppsnefnd Vopnafjarðar hafnar þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu. Eðlilegt er að skoða reynslu af sameiningum sveitarfélaga á síðustu árum, meta kosti þeirra og galla. Á grundvelli slíkrar skoðunar telur hreppsnefnd eðlilegast að íbúar hvers sveitarfélags hafi fullan ákvörðunarrétt um sameiningu sveitarfélaga án frekari þvingunarákvæða sem eru í núgildandi sveitarstjórnarlögum.”
Tillagan samþykkt samhljóða.
 5. mál. SSA, fundur um skýrslu starfshóps um starfsemi skólaskrifstofu, tillaga. Skýrslan rædd og skýrði sveitarstjóri málið, en hann á sæti í starfshópnum. All miklar umræður urðu um skólaskrifstofuna og þjónustu hennar og hvernig hún þjónar Vopnafjarðahrepp, m.a. með tilliti til fjarlægðar við þjónustuaðila skrifstofunnar.
Lögð fram svofelld tillaga: “ Hreppsnefnd Vopnafjarðahrepps tekur undir það að leið þessi verði farin, en leggur áherslu á að þjónusta skrifstofunnar verði jafngóð í öllum aðildarfélögum burt séð frá fjarlægðum. ”
Tillagan samþykkt samhljóða, einnig var sveitarstjóra og skólastjóra falið að gangi að öðru leyti frá málum við skólaskrifstouna.
 6. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.
 - a) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 8. mars sl. ásamt ársskýrslu. Nokkur umræða var um skýrslu Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Einnig kom til umræðu framkvæmd á eftirliti heilbrigðiseftirlitsins við þjónustufyrirtæki á staðnum. Samþykkt að rita heilbrigðisfulltrúa bréf varðandi þessi mál.
 - b) Fundargerð Stjórnsýsluhóps Norður-svæðis frá 22. mars sl., lögð fram til kynningar.
- Önnur mál. Sigurveig Róbertsdóttir spurði um skil á skýrslu um verkefnið Vopnfirðingar virkja.

Sveitarstjóri svaraði því til að skýrslan væri í vinnslu og stæði til að hún kæmi fram innan skamms. Nefndarmenn tóku upp umræðu um atvinnumál á staðnum og var mikið rætt um stöðu atvinnumál á Vopnafirði. Nefndarmenn tóku allir til máls og ræddu ýmsa möguleika í atvinnumálum og lýstu þeir yfir áhyggjum sínum með stöðu þeirra mála. Einnig kom fram hugmynd um að haldinn yrði almennur borgarafundur hér um atvinnumál og fá m.a.forsvarsmenn Tanga hf. til að mæta þar. Upplýst var að nytjaskógaáætlun fyrir Vopnafjörð er komin í góðan farveg og Vopnafirðingar eru orðnir þátttakendur í Austurlandsskógum.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði varaoddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.